

## Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Sent rafrænt í gegnum Samráðsgáttina

Kópavogur, 9. október 2018.

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um endurskoðendur og endurskoðun

#### Mál nr. S-140/2018

Deloitte ehf. („Deloitte“) vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við drög að frumvarpi til laga um endurskoðendur og endurskoðun.

#### 15. gr. frumvarpsins

Í umfjöllun um 15. gr. frumvarpsins í greinargerðinni kemur fram að í nágildandi lögum segi að áritun skuli vera í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla en lagt sé til að í staðinn komi orðalagið að áritunin skuli vera í samræmi við lög, reglur og góða endurskoðunarvenju. Deloitte telur þessa breytingu til bóta en hins vegar hefur væntanlega láðst að setja þennan texta inn í 15. gr. frumvarpsins. Mælt er með að úr því verði bætt.

#### 16. gr. frumvarpsins

Í 16. gr. frumvarpsins kemur fram að þegar um er að ræða ráðgjöf eða aðra þjónustu fyrir hina endurskoðuðu einingu skuli endurskoðandi skjala eðli verkefnisins, umfang og hugsanlegar ráðleggingar. Ennfremur kemur fram að slík þjónusta skuli sérgreind á reikningi með upplýsingum um eðli verkefnisins. Hér er um íþyngjandi kröfur að ræða er varða aðra vinnu en vinnu við endurskoðun og leggur Deloitte því til að þessi krafa verði einungis látin ná til endurskoðunar á einungum tengdum almannahagsmunum.

Í 16. gr. frumvarpsins kemur einnig fram að við endurskoðun samstæðu skulu vinnuskjöl annarra endurskoðenda sem koma að endurskoðun eininga innan samstæðunnar skjalfest. Hér leggur Deloitte til að bætt verði við orðinu „viðeigandi“ þannig að setningin verði: „Við endurskoðun samstæðu skulu viðeigandi vinnuskjöl annarra endurskoðenda sem koma að endurskoðun eininga innan samstæðunnar skjalfest“. Tilgangur þess er að taka af öll tvímæli um að ekki sé gerð krafa um að skjalfesta öll vinnuskjöl annarra endurskoðenda.

#### 40. gr. frumvarpsins

Varðandi 40. gr. frumvarpsins um eftirlitsgjald endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja er það mat Deloitte að þau gjöld sem þar koma fram séu umtalsverð hækkun frá því sem

verið hefur. Skýran rökstuðning fyrir þeirri hækkun er ekki að finna í greinargerð frumvarpsins og hvetur Deloitte til þess að gætt verði hófs í þessari gjaldtöku.

#### **46. gr. frumvarpsins**

Deloitte fagnar því að lagt sé til að ákvæði reglugerðarinnar um ráðningartíma endurskoðunarfyrtækja séu ekki þrengd.

Þannig er gert ráð fyrir að hámarks ráðningartími fyrir einingar tengdar almannahagsmunum verði 20 ár að undangengnum útboðum eftir 10 ár (10+10 reglan). Reglan hefur verið innleidd með þeim hætti í þeim ríkjum sem við berum okkur helst saman við og eigum mest viðskipti við. Heillavænlegast að mati Deloitte er ef viðskiptahættir hérlandis séu sem líkastir því sem gerist í þeim löndum sem við eigum viðskipti við. Á síðustu árum hafa samskipti alþjóðlegra endurskoðunarfyrtækja aukist samhliða því að viðskiptahættir verða flóknari og alþjóðlegri og því er það mat Deloitte að krafan um að íslensk löggjöf sé sem líkust því sem hún er í löndunum í kringum okkur aukist frekar en minnki.

Tilgangur þessara reglna er að stuðla að meiri samkeppni á markaði með því að einingar tengdar almannahagsmunum þurfi að bjóða þessa þjónustu út með reglubundnum hætti. Sú regla sem sett var í lög um fjármálafyrtækis og tryggingafélög þar sem þeim fyrtækjum er gert að skipta um endurskoðunarfyrtækis á 5 ára fresti hefur reynst kostnaðarsöm fyrir fyrtækis, auk þess sem að vegna þess hve flókin starfsemi þeirra er hefur reynt of mikið á þekkingaröflun endurskoðanda í upphafi samningsbandsins.

Um óhæði endurskoðanda er fjallað í síðareglum um endurskoðendur og er hámarkstími þeirra einstaklinga sem undirrita ársreikning fjármálafyrtækis 7 ár og með frumvarpi verður sá tími sem þeir mega ekki koma að endurskoðun þessara fyrirækja lengdur úr 2 árum í 4 ár. Með því að lengja þennan hvíldartíma telur Deloitte að sé stutt ennfrekar við óhæði endurskoðandans gagnvart þeim einingum sem hann endurskoðar.

#### **48. gr. frumvarpsins**

Í 48. gr. frumvarpsins segir að ef endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtækis brýtur gegn lögum þessum eða vanrækir alvarlega skyldur sínar að öðru leyti að mati Fjármálaeftirlitsins skuli Fjármálaeftirlitið fella réttindi viðkomandi endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis niður. Hér leggur Deloitte til að orðið „skal“ verði tekið út og í staðinn verði sett inn að Fjármálaeftirlitið hafi heimild til að fella réttindi viðkomandi endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis niður.

Þar sem um verulega íþyngjandi úrræði er að ræða þá leggur Deloitte einnig til að bætt verði inn ásetningi eða stórkostlegu gáleysi þannig að fyrsta setningin verði: „Ef endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtækis brýtur gegn lögum þessum af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi eða vanrækir alvarlega skyldur sínar að öðru leyti að mati Fjármálaeftirlitsins hefur Fjármálaeftirlitið heimild til að fella réttindi viðkomandi endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis niður.“

#### **49. gr. frumvarpsins**

Deloitte leggur til að 1. töluliðurinn sem talinn er upp í 51. gr. frumvarpsins, það er 1. mgr. 5. gr. um notkun orðanna endurskoðandi eða endurskoðun í starfs- eða firmaheitum og bann við að vekja þá trú að aðili sé endurskoðandi ef hann er það ekki, verði líka talin upp

í 49. gr. frumvarpsins. Deloitte telur eðlilegt að Fjármálaeftirlitið geti brugðist við með því að leggja stjórnvaldssekt á þann sem brýtur gegn þessu ákvæði.

### **51. gr. frumvarpsins**

Að mati Deloitte eru viðurlög við brotum samkvæmt 51. gr. frumvarpsins þungbær og því mikilvægt að þessi viðurlög verði ekki nýtt nema um mjög alvarleg brot sé að ræða. Einnig er það umhugsunarefni að mati Deloitte hvort að sum þeirra atriða sem talin eru upp í greininni séu of huglæg til að eiga heima í 51. gr. en ættu þá kannski frekar eingöngu að vera talin upp í 49. gr. Dæmi um þetta eru til dæms þau atriði sem talin eru upp í tölulið 6 og 8 í grein 51.

### **41. gr. reglugerðarinnar**

Varðandi dagsetningarnar sem fram koma umbreytingarákvæði í 41. gr. reglugerðarinnar er það mat Deloitte að eðlilegt sé að uppfæra þær dagsetningar í ljósi þess að þær tóku mið af því að reglugerðin tók gildi innan Evrópusambandsins þann 17. júní 2016 en reglugerðin mun væntanlega ekki taka gildi hér á landi fyrr en 1. janúar 2020 samanber það sem fram kemur í greinum 54 og 55 í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,  
f.h. Deloitte ehf.

Hólmgrímur Bjarnason, eigandi

Haraldur Ingi Birgisson, eigandi